



**Guðmundur Jóhannsson**  
ábyrgðarmaður í  
nautgriparækt  
mundi@rml.is



# Ný reynd naut að koma í dreifingu

Fagræð í nautgriparækt ákvað á fundi sínum þann 13. júní sl. að alls verða 17 reynd naut í dreifingu í sumar. Áfram verða í dreifingu; Logi 06019, Rjómi 07017, Keipur 07054, Blámi 07058, Blómi 08017, Þáttur 08021, Flekkur 08029, Góí 08037, Gustur 09003, Bolti 09021, Gæi 09047, Ferill 09070 og Dráttur 09081.

## Ný naut í notkun

Þau naut sem koma ný til notkunar eru úr 2010 árgangnum. Þetta eru: Strákur 10011 frá Naustum í Eyrarsveit undan Pontíusi 02028, mf. Kaðall 94017, Drangi 10031 frá Bakka í Öxnadal undan Glæði 02001, mf. Ás 02048, Fossdal 10040 frá Merkigili í Eyjafirði undan Glæði 02001, mf. Hamar 94009, og Bætir 10086 frá Núpstúni í Hrunamannahreppi undan Sírfísi 02032, mf. Stóðull 05001. Hér verður gerð aðeins nánari grein fyrir þeim.

## Strákur 10011

Dætur Stráks eru miklar mjólkurkúr með efnahlutföll í mjólk um meðallag. Þetta er fremur stórar og háfættar kúr, boldýpt og útlögur eru í minna lagi en yfirlína mjög sterk. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er góð, festa um meðallag en júgurband nokkuð áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega stuttir og grannir en eilítið gleitt settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar, lítið um galla í mjóltum og skapið er í meðallagi. Mikill meirihluti afkvæma Stráks er einlitur og af grunnlitum eru bröndóttir litir mest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Af tvílitum kemur huppóttur oftast fyrir. Undan Stráki geta komið hyrndir gripir.

## Drangi 10031

Dætur Dranga eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar og próteinhlutfall um meðallag en fituhlutfall lágt. Þetta eru fremur stórar og háfættar kúr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína mjög sterk. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar en aðeins þaklaga. Fótstaða er bein, aðeins þröng og hallandi um klaufir. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil, júgurband mjög áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru prýðilega gerðir, aðeins langir og þykkir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru um meðallag, lítið um galla í mjóltum og skapið er gott. Um þriðjungur afkvæma Dranga er tvílitur og ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir mest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Undan Dranga geta komið hyrndir gripir.

## Fossdal 10040

Dætur Fossdals eru mjólkurlagnar með próteinhlutfall í mjólk í góðu meðallagi en fituhlutfall fremur lágt. Þetta eru stórar og háfættar kúr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru



Strákur 10011.

## NAUT 2016 - Reynd naut Nautastöðvar BÍ sem fyrirhugað er að nota sæði úr sumarið 2016

Nafn og nr.	Faðir	Móðir, uppruni og móðurfaðir	Mjólk	Fitu%	Prótein%	Afurðir	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynbótaeinkunn	Hæð dætra
2006019	Logi 06019*	Fontur 98027	115	89	113	119	93	105	106	101	100	96	97	105	110	109	5,4
2007017	Rjómi 07017*	Pollur 99008	124	97	95	119	91	106	122	95	95	109	113	63	109	107	5,6
2007054	Keipur 07054	★ Pollur 99008	122	96	99	118	114	89	108	111	112	100	112	85	109	110	5,6
2007058	Blámi 07058	T Laski 00010	114	84	100	113	102	111	102	110	107	115	94	99	107	109	5,4
2008017	Blómi 08017*	Náttfari 00035	111	94	88	104	97	130	100	112	115	129	94	104	110	108	5,4
2008021	Þáttur 08021*	Laski 00010	91	120	123	103	81	93	100	80	102	121	113	114	114	104	5,8
2008029	Flekkur 08029*	T Náttfari 00035	126	84	102	123	98	100	86	105	108	123	101	84	95	111	5,1
2008037	Góí 08037	Prasi 98052	119	124	92	113	92	101	89	98	94	109	94	84	109	104	5,3
2009003	Gustur 09003	★ Laski 00010	97	105	115	104	108	107	99	97	109	101	102	116	108	106	5,6
2009021	Bolti 09021	★ Spotti 01028	119	92	102	118	75	87	115	111	110	102	112	97	98	106	6,6
2009047	Gæi 09047*	Lykill 02003	105	78	109	109	116	92	88	98	109	99	106	105	95	106	5,6
2009070	Ferill 09070	T Lykill 02003	105	92	113	111	104	89	108	99	96	100	106	106	100	105	5,6
2009081	Dráttur 09081	Flói 02029	108	122	106	109	65	91	108	104	107	110	120	96	98	103	5,6
2010011	Strákur 10011*	★ Pontíusi 02028	123	102	91	115	106	89	114	94	104	100	117	96	97	107	5,8
2010031	Drangi 10031*	Glæðir 02001	103	70	96	101	119	113	104	96	114	92	101	109	108	105	5,8
2010040	Fossdal 10040*	★ Glæðir 02001	111	84	102	110	94	114	84	98	132	98	93	106	110	108	5,8
2010086	Bætir 10086*	Sírfísi 02032	107	106	99	106	102	96	102	108	117	100	112	129	103	107	5,5

### Skýringar:

★ Nautsfaðir T: Tilkynda nautkálfa \* Getur gefið hyrnd afkvæmi --- Kynbótaeinkunn = 0,44\*afurðir + 0,08\*mjaltir + 0,08\*frumutala + 0,08\*júgur + 0,08\*ending + 0,08\*spenar + 0,08\*frjósemi + 0,08\*skap  
Afurðir = 0,85\*magn mjólkurpróteins + 0,15\*prótein%

meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurfasta gríðarlega mikil, júgurband mjög áberandi og júgrin sérlega vel borin. Spenar eru mjög vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og ákaflega vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og lítið er um galla í mjóltum. Skapið er gott. Um helmingur afkvæma Fossdals er tvílitur og ber mest á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi en allir grunnlitir koma fyrir. Undan Fossdal geta komið hyrndir gripir.

## Bætir 10086

Dætur Bætis eru mjólkurlagnar með próteinhlutfall í mjólk meðallagi og fituhlutfall fremur hátt. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kúr, boldýpt og útlögur eru í tæpu meðallagi og yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg og fremur gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil, júgurband áberandi og júgrin mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið er um galla í mjóltum. Skapið er úrvalsgott. Um þriðjungur afkvæma Bætis er tvílitur og ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi en allir grunnlitir koma fyrir. Undan Bæti geta komið hyrndir gripir.

## Nautsfeður

Nautsfeður verða; Keipur 07054,

Gustur 09003, Bolti 09021, Strákur 10011 og Fossdal 10040.

## Naut sem falla úr notkun

Þau naut sem tekin verða úr notkun eru Kraki 09002, vegna lágra efnahlutfalla og lífllar notkunar, Þytur 09078, vegna mjög lágra efnahlutfalla, og Brúnó 09088, vegna lækkunar í mati þar sem hann er kominn niður í 100 í heildareinkunn. Fagræði þótti ekki stætt á því að hafa Þyt 09078 áfram í dreifingu vegna hinna mjög lágu efnahlutfalla í mjólk dætra þrátt



Bætir 10086.

fyrir að hann standi með 113 í heildareinkunn. Nánari upplýsingar um þessi

naut er að finna á nautaskra. net. Þau munu koma til dreifingar á næstu vikum eða við næstu sæðisáfyllingar í kútum frjótaekna. Þá hefur kynbótamat allra gripa verið uppfært í Huppu en það var keyrt núna í júní. Í samræmi við það hafa orðið breytingar á skráum yfir nautsmæður og efnilegar kvígur sem menn eru beðni að veita sérstaka athygli. Við óskum eins og áður eftir því að kúr og efnilegar kvígur með flagg í Huppu verði sæddar með nautsfeðrum með það í huga að bjóða kálfinn á stöð fæðist nautkálfr í fyllingu tímans.

## Varahlutir í flestar tegundir dráttarvéla

New Holland, Fiat, Ford, Case, Steyr, Zetor og Fendt



Eigum fyrirbyggjandi síur í flestar gerðir þessara véla og mikið úrval varahluta. Einnig sérpantanir.



Eigum einnig mikið úrval varahluta í gömlu dráttarvélnar

